



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 4. apríl 2014

Ákvörðun nr. 11/2014

Samruni Leitis eignarhaldsfélags ehf. og Eggerts Kristjánssonar hf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Þann 20. janúar 2014 barst Samkeppniseftirlitinu svonefnd styttri samrunatilkynning vegna kaupa Leitis eignarhaldsfélags ehf. (hér eftir Leiti eignarhaldsfélag) á 70% eignarhlut í Eggerti Kristjánssyni hf. (hér eftir Eggert Kristjánsson) í samræmi við ákvæði b. liðar 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005.

Tilkynningunni fylgdu ýmis gögn er varða samruna félaganna s.s. kaupsamningur um kaup á hlutum í Eggerti Kristjánssyni og vottorð úr hlutafélagaskrá. Auk þess fylgdu með samrunaskránni ársreikningar samrunaaðila þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu þeirra. Að mati Samkeppniseftirlitsins fela framangreindir gerningar í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. a laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

Samhliða tilkynningu um samrunann var send beiðni um undanþágu frá banni við því að samruni komi til framkvæmda í samræmi við 4. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga. Var umbeðin undanþága veitt með bréfi dags. 28. janúar 2014.

Með bréfi, dags. 21. febrúar 2014, tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að rannsaka þyrfti samkeppnisleg áhrif samrunans frekar, sbr. 1. mgr. 17. gr. d samkeppnislaga.



II.

Samkeppnisleg áhrif samrunans

Aðilar samrunans eru Leiti eignarhaldsfélag og Eggert Kristjánsson. Í samrunaskránni kemur fram að með umræddum samruna eignist Leiti eignarhaldsfélag 70% hlut í Eggerti Kristjánssyni. Þá mun félagið Sedona ehf. eignast 25% hlut í félaginu og Páll Hermann Kolbeinsson eignast 5%.

Í samrunaskrá kemur fram að skráður tilgangur Eggerts Kristjánssonar sé m.a. rekstur heildsölu, umboðssölu og verslunar. Félagið sé matvöruheildverslun og hafi starfsmenn félagsins umsjón með vali á vörum, innflutningi, markaðssetningu og dreifingu fyrir sína viðskiptavinum um land allt. Félagið hafi sérhæft sig í innflutningi og heildsölu á almennri matvöru til smásala. Sem dæmi megi nefna kaffi, tómavörur, olíur, krafta, krydd og hrísgrjón. Þá flytji Eggert Kristjánsson einnig inn brauð, kökur, hveiti, túnfisk, ferskt og frosið grænmeti, bjór og léttvín.

Þá kemur fram í samrunaskrá að skráður tilgangur Leitis eignarhaldsfélags sé fjárfesting og eignarhald í atvinnurekstri. Félög í eigu Leitis eignarhaldsfélags séu m.a. Stjarnan ehf. (hér eftir Stjarnan), Sólstjarnan ehf. (hér eftir Sólstjarnan) og Sjöstjarnan ehf. (hér eftir Sjöstjarnan).

Stjarnan starfar á skyndibitamarkaði og rekur 24 veitingastaði undir merkjum Subway víða um land. Um er að ræða skyndibitastaði er selja samlokur, drykki, kökur og ýmsar tengdar vörur.

Sólstjarnan flytur aðallega inn hráefni fyrir Stjörnuna til nota í rekstri skyndibitakeðjunnar Subway. Sem dæmi má nefna frosið deig og ýmis önnur aðföng. Sólstjarnan er því innflutnings- og heildsala líkt og Eggert Kristjánsson hf. en félagið er þó nánast bara með einn viðskiptavin, þ.e. Stjörnuna.

Sjöstjarnan sérhæfir sig í útleigu og rekstri fasteigna ásamt fasteignapróunarverkefnum. Sjöstjarnan leigir m.a. húsnæði til Stjörnunnar undir rekstur Subway staðanna.

Í samrunaskrá kemur fram að á árinu 2012 hafi Eggert Kristjánsson flutt í nýtt húsnæði sem ekki sé nýtt að fullu. Sé áhugi Leitis eignarhaldsfélags ekki síst til kominn vegna fasteignar félagsins sem sé staðsett á góðum stað í borginni. Með sameiningunni yrði hægt að samnýta lagerhúsnæði félagsins fyrir starfsemi Sólstjörnunnar sem áætlað sé að færist að stærstum hluta yfir til Eggerts Kristjánssonar.

Í samrunaskrá kemur fram að samruninn teljist vera láréttur en er það mat samrunaaðila að lárétt áhrif hans séu þó hverfandi. Eggert Kristjánsson hafi starfrækt heildsölu á dagvörumarkað á Íslandi og Sólstjarnan starfi á sama markaði. Hún þjónusti þó nær eingöngu tengd félög með innflutningi og lagerhaldi. Þá starfi Stjarnan á veitingahúsamarkaði.

Samkeppniseftirlitið telur að sölu á dagvörum til annars vegar dagvöruverslana og hins vegar veitingahúsa/stóreldhúsa megi eftir atvikum skipta í marga undirmarkaði, þar sem ekki er t.d. staðganga á milli sölu og dreifingar á kaffi og hrísgrjónum. Einnig getur verið



um mismunandi markaði að ræða eftir því hvort vörum er dreift til dagvöruverslana eða veitingahúsa. Þá geta vörur sem hafa að verulegu leyti sömu eiginleika tilheyrt ólíkum mörkuðum ef mikill verðmunur er á milli þeirra. Samkeppniseftirlitið telur að fyrir úrlausn þessa máls sé óþarfi að taka endanlega afstöðu til staðgöngu á milli þeirra vörutegunda sem samrunaaðilar selja og þar með þeirra markaða sem þeir starfa á.

Að mati samrunaaðila eru samkeppnisleg áhrif samrunans óveruleg. Stjarnan starfi á ótengdum mörkuðum við Eggert Kristjánsson og Sólstjörnuna og því hafi samruninn óverulega lóðréttu skörun. Þá er að mati samrunaaðila lárétt skörun hverfandi enda séu Eggert Kristjánsson og Sólstjarnan mjög litlir aðilar, sem heildsölufyrirtæki á innanlandsmarkaði.

Samrunaaðilar telja að samruninn komi ekki til með að hafa neikvæð áhrif á markaðina sem félögin starfa, hvorki á framboð á heildsölumarkaði með dagvöru né á framboð á veitingahúsamarkaði og þar með ekki á markaðsgerðina. Að mati samrunaaðila eru litlar aðgangshindranir á þá markaði sem félögin starfi. Ekki verði séð að samruninn breyti markaðsgerðinni nema með jákvæðum hætti, þar sem að með samrunanum verði rekstrarhæfi Eggerts Kristjánssonar tryggt og komið í veg fyrir meiri samþjöppun á dagvörumarkaði sem hlytust af því ef félagið hrökklaðist af markaðnum.

III.

Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum af samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Að undangenginni athugun og með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að samruni Leitis eignarhaldsfélags og Eggerts Kristjánssonar muni ekki hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Þannig er sameiginleg markaðshlutdeild samrunaaðila á þeim mörkuðum þar sem áhrifa samrunans gætir ekki það há að hún veiti vísbendingar um að samruninn hindri virka samkeppni. Því er ekki ástæða til að aðhafast frekar í tengslum við þennan samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.



IV.

Ákvörðunarorð:

„Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast vegna samruna Leitis eignarhaldsfélags ehf. og Eggerts Kristjánssonar hf.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson